

AUGLÝSING

um merki Kópavogskaupstaðar.

Bæjarstjórn Kópavogs hefur á fundi sínum 26. marz 1965 samþykkt að taka upp merki fyrir Kópavogskaupstað.

Merkið er hvítur bogi með stílfærðum kóp fyrir neðan, en hvítum láréttum og lóðréttum strikum á milli á grænum grunni.



Hvers konar notkun merkisins án leyfis bæjarstjórnar Kópavogs er óheimil.

Bæjarstjórnin í Kópavogi, 30. desember 1965.

Hjálmar Ólafsson.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Stokkseyrar.

1. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir.

2. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur á hendi yfirstjórn vatnsveitunnar og sér um fjárreiður og bókhald.

3. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til 4 ára í senn, skipuð 3 aðalmönnum og jafnmörgum til vara, búsettum á Stokkseyri, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, í samráði við oddvita og hreppsnefnd, sem ákveður þóknun vatnsveitunefndar.

Að einróma tillögu vatnsveitunefndar getur hreppsnefnd ákveðið að ráða sérstakan umsjónarmann til að annast framangreind störf í þágu veitunnar, ásamt öðrum, sem honum kunna að verða falin.

4. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveituna, sæki um það skriflega til vatnsveitunefndar eða oddvita.

5. gr.

Enginn má án leyfis leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæðum veitunnar. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu heimæðar í hús sitt frá aðalæð og annast viðhald þeirra.

Skylt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim eða útbúnaði er ábótavant.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveitukerfið án leyfis. Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum veitunnar.

6. gr.

Skylt er þeim, sem nota vill vatn frá vatnsveitunni, að fara eftir fyrirmælum ráðamanna veitunnar um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna, og annað það, sem lýtur að vatnslögnum í og við hús þeirra.

Heimilt er umsjónarmanni vatnsveitunnar að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til þess að athuga vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu veitunnar, sem hann telur nauðsynlegar. Loka má fyrir vatn meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymum eða æðum veitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrir fram, ef þess er kostur.

7. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt eða stofngjald á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar.

8. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Hver sá, sem veldur skaða eða skemmdum á vatni eða veitukerfi, greiðir fullar fébætur, auk sekta, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

10. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem sérmetnar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða, skal greiða vatnsskatt, sem nemur 1% — einn af hundraði — af fasteignamatsverði árlega. Auk þess skal greiða fastagjald, kr. 300.00 af hverri húseign. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, greiðist árlega kr. 300.00 af hverri íbúð, sem fram yfir er.

11. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

Fyrir vatn í steypu, af hverri notaðri sementstunnu	kr. 0.50
Fyrir gripi, þar sem vatn er leitt í hús:	
a. Fyrir hvern nautgrip, sem inni er að vetri	— 30.00
b. Fyrir hvert hross, sem inni er að vetri	— 20.00
c. Fyrir hverja sauðkind, sem inni er að vetri	— 1.00

Heimilt er að leggja vatnsskatt á hverja skrásetta bifreið á Stokkseyri, ef aðstaða er til þvottar.

Fyrir önnur vatnsnot, svo sem til veitingareksturs, þvottastöðva bifreiða, skipa eða hvers annars, skal greiða eftir samkomulagi við yfirstjórn vatnsveitunnar.

12. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild og einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn.

13. gr.

Heimilt er að krefja hvern þann aðila, sem leyfi fær til að leggja heimæð frá aðalveitu, um allt að kr. 1000.00 í stofngjald.

Eindagi stofngjalds er sá dagur, þegar tenging er framkvæmd.

14. gr.

Hreppsnefnd getur krafizt þess, að tillögu vatnsveitunefndar, að fyrirtæki og aðrir vatnsnotendur greiði vatnsskatt eftir mæli. Ber þá hverjum vatnsnotanda að greiða andvirði vatnsmælis, uppsetningu og viðhald, svo og vatnsskattinn sjálfan, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

15. gr.

Gjalddagi vatnsskatts skal vera 1. janúar ár hvert og greiðist skatturinn í einu lagi fyrir liðið ár. Greiðist vatnsskattur ekki á réttum gjalddaga, falla á hann dráttarvextir.

Vatnsskattinn má einnig taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og skulu reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins árlega, og skulu fylgja hreppsreikningum ár hvert.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júlí 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.